

Reykjavík, 23. nóvember 2018.

Minnisblað

Til forseta Alþingis.
Frá skrifstofunni.

Efni: Athugasemdir í tilefni af bréfi BLG til forsætisnefndar, dags. 16. nóvember 2018.

Í tilefni af bréfi Björns Levís Gunnarssonar, alþingismanna, dags. 16. nóvember sl. er rétt að fram komi að aksturskostnaður þeirra þingmanna sem aka heiman frá sér og til Reykjavíkur, þ.m.t. Ásmundar Friðrikssonar í Suðurkjördæmi, er að meginstefnu tvíþættur. Annars vegar heimanakstur en endurgreiðsla hans fer eftir tiltölulega einföldum reglum og niður falla á móti greiðslur frá skrifstofunni. Hins vegar fá heimanakstursmenn einnig greitt fyrir akstur í kjördæmi vegna ferða sinna sem alþingismenn og vegna fundarferða í önnur kjördæmi. Í tölum um endurgreiðslu aksturskostnaðar ÁsF og annarra þingmanna í sambærilegri stöðu er innifalinn allur akstur þingmanns: heimanakstur, akstur í kjördæmi og fundir utan kjördæmis. Þær athugasemdir sem koma fram í bréfi BLG lúta að akstri ÁsF í Suðurkjördæmi. Kjördæmið er stórt og ljóst að þingmenn hafa þar haft misjafnan hátt á um samskipti sín við kjósendur. Í tilefni þessa erindis BLG kannaði skrifstofan akstursreikninga ÁsF 2017 og endurgreiddan aksturskostnað frá 6. desember 2016 og þar til reglur um notkun bílaleigubifreiða voru innleiddar að fullu í febrúar 2018, leiddi í ljós að tilgreint er í hvert sinn hvenær akstur átti sér stað, hversu margir kílómetrar voru eknir, hvaðan var ekið og hvert, og „aksturerindi“. Við hvert og eitt aksturerindi er tilefni heimsóknar/fundar skráð sérstaklega og með hverjum var fundað, einstaklingum eða félagasamstökum. Skrifstofa Alþingis getur ekki og hefur ekki forsendur til þess að endurmeta hvort erindi/tilefni teljist vera í tengslum við starf alþingismanns. Skrifstofan gengur hins vegar úr skugga um að fyrir liggi nauðsynlegar upplýsingar svo að endurgreiðsla megi fara fram. Er þetta í samræmi við langa og órofna venju.

Þingmenn fá greiddan þingfararkostnað eftir reglum forsætisnefndar um þingfararkostnað. Almennt leggur skrifstofan til grundvallar að skýringar þingmanna séu réttar samkvæmt enda skrifstofan ekki í aðstöðu til annars. Að sjálfsögðu fer skrifstofan yfir allar skýringar. Hefur skrifstofan veitt þingmönnum leiðbeiningar, gert athugasemdir og beðið um nánari skýringu, þegar það á við, og jafnvel endursent beiðnir um endurgreiðslu ef ekki kemur fram nægileg skýring sem heimfæra má undir reglurnar og framkvæmd þeirra. Á það t.a.m. um tilgreindan kílómetrafjölda ef hann er bersýnilega ekki réttur. Það að greina á milli hvort þingmaður er á ferð sem flokksmaður eða sem þingmaður er ógjörningur fyrir skrifstofuna. Hvað varðar endurgreiðslu aksturskostnaðar í aðdraganda kosninga hefur því verið velt upp hvort

draga eigi einhver mörk um hversu lengi sé rétt að heimila slíkar greiðslur fyrir kjördag. Slík mörk verða þó ekki sett nema með breytingum á lögum og reglum auk þess sem álitamál geta verið um ýmis atriði. Minnt skal á að alþingismenn eiga samkvæmt lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað rétt á greiðslum samkvæmt þeim á meðan þeir eru þjóðkjörnir fulltrúar eða fram á kjördag, hvort sem þeir eru í framboði eða ekki og hvort sem þeir hafa þurft að heyja prófkjörsbaráttu eða ekki.

Í framkvæmd hefur túlkun á því hvað teljist vera „fundur“ eða tilefni endurgreiðslu verið skýrt rúmt enda orðalag laganna líka rúmt: „störf þingmanna“. Þess má geta í þessu sambandi að þar undir hafa t.d. fallið endurgreiddur kostnaður þar sem tilefnið hefur verið afmæli eða jarðarför enda ástæður þingmanns ekki ávallt persónulegar heldur getur viðvera þeirra verið talin fylgja stöðu og starfi þingmannsins.

Að lokum er rétt að benda á að í febrúar á þessu ári voru m.a. gerðar þær breytingar á reglum um þingfararkostnað að tekin var upp í 6. gr. reglnanna sú framkvæmd sem gilt hafði um skráningu upplýsinga í akstursdagbók. Auk þess sem tekið var fram að beiðni um endurgreiðslu skyldu fylgja „staðfestingargögn“. Fyrir þessa breytingu var almennt ekki krafist slíkra gagna. Ekki hefur verið lagt á skrifstofuna að rannsaka sérstaklega hvort fundur eða ferðatilefni hafi í raun átt sér stað eða hvort þingmaður hafi verið viðstaddur. Af hálfu skrifstofunnar er lögð áhersla á að reglur um endurgreiðslu aksturskostnaðar séu einfaldar og framkvæmanlegar.